



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Svar við tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þau gjöld sem grunnskólanemar hafa þurft að greiða vegna skólaferðalaga, árshátíða og annarra viðburða sl. ár (R19050009)

Á fundi borgarráðs 2. maí 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Grunnskólinn er samkvæmt lögum gjaldfrjáls og þarf það að gilda um allt sem tengist skólanum. Engu að síður hefur fregnast að börnin þurfi að greiða ýmis konar gjöld sem börn hafa þurft að greiða vegna ferða og viðburða. Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar frá skólum borgarinnar um gjöld vegna skólaferðalaga, árshátíðar og annarra viðburða síðastliðið ár sem börn hafa þurfa að greiða til að fá að taka þátt. Það er mikilvægt að fá þessar upplýsingar til að sjá hvernig þessum málum er háttað. Vitað er að það eiga ekki allir foreldrar auðkaðrónur til að standa straum af kostnaði sem þessum. Börn efnalítilla og fátækra foreldra þurfa þess vegna stundum einfaldlega að sitja heima og það er sárt. Það má aldrei vera þannig að barn geti ekki tekið þátt í skólatengdum viðburðum vegna þess að foreldri getur ekki greitt uppsett gjald. Að mismuna börnum vegna fjárhagsstöðu foreldra samræmist ekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Börn fátækra foreldra fá t.d. ekki sömu tækifæri til tómstunda. Skólatengdir félagslegir viðburðir og verkefni eru stundum eina tómstund þessara barna.

Svar:

Til að svara fyrirspurninni var eftirfarandi spurning send til skólastjóra allra almennra grunnskóla borgarinnar: **Hverjir hafa greitt fyrir þátttöku nemenda í skólaferðalögum, ferðum á söfn, leikhús ofl. á þessu skólaári?**

Í töflu 1 hér neðar eru tekin saman svör frá 36 skólastjórum um hver greiddi fyrir ferðalög og aðra viðburði fyrir nemendur á vegum skólans skólaárið 2018-19.

Niðurstöður könnunarinnar sem gerð var leiða í ljós að skólarnir greiða að stærstum hluta kostnað vegna ferðalaga nemenda og þátttöku í ýmsum viðburðum á vegum skólans eins og gert er ráð fyrir skv. grunnskólalögum. Samkvæmt svörum skólastjóra standa foreldrar einir og sér eingöngu straum af ferðum nemenda í fimm tilvikum, greiða aðgang að árshátíð í tíu skólum og sumarhátíð í þremur skólum. Algengast er að foreldrar taki þátt í kostnaði vegna ferðalaga með gistingu en skv. úrskurði ráðuneytis er heimilt að innheimta gjöld frá foreldrum


vegna gistingar og uppihalds í slíkum ferðum. Einnig greiða foreldrar í einhverjum tilvikum fyrir þátttöku í árshátíð en að auki safna nemendur fyrir kostnaði og skólar leggja einnig til fjármagn vegna þessara viðburða. Dæmi eru um að foreldrar hafi tekið á sig annan kostnað, s.s. með því að leggja til veitingar og/eða gefa nemendum rósir við skólaslit eða aðra viðburði á vegum skólans.

Í svörum skólastjóra kemur einnig fram að leitast er við að tryggja að allir nemendur sem áhuga hafa á að taka þátt í ferðum og viðburðum á vegum skólans, hafi tök á því, án tillits til efnahags forelda. Einnig voru dæmi um að foreldrafélög veiti styrki vegna dagsferða og vorferða nemenda.

Tafla 1. Skipting svara frá 36 skólastjórum

	Foreldrar	Skólinn	Nemendur safna	Foreldrar/ nemendur og skóli	Svara ekki	Alls
Ferðalög án gistingar, s.s. dagsferðir út fyrir borgina	2	27	0	4	3	36
Ferðalög með gistingu	3	2	4	24	3	36
Ferðir á söfn, leikhús og fleira slíkt	0	32	0	2	2	36
Aðrar ferðir á viðburði	0	30	0	3	3	36
Þátttaka í árshátíð	10	7	0	13	6	36
Þátttaka í skólaslitum	0	28	0	4	4	36
Þátttaka á sumarbátíð	3	18	0	4	11	36
Þátttaka á íþróttahátíð	0	29	0	0	7	36
Þátttaka á ýmsa aðra viðburði	0	28	0	2	6	36

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs